

Opið bréf frá hjúkrunarfræðingum til íslenskra stjórnvalda vegna ástandsins á Gaza

Frá 27. október hefur færst aukin harka í árásir Ísrael á Palestínu og nú er svo komið að norðurhluti Gaza strandarinnar hefur verið jafnaður við jörðu, eldflaugum er skotið um alla strandlengjuna án nokkurs tillits, innviðir eru að hruni komnir og óbreyttir borgarar eiga sér enga undankomuleið né öruggan stað til að flýja til. Ísraelski herinn hefur lokað fyrir rafmagn, vatn og matvæli, og takmarkað verulega flutning hjálpargagna og nauðsynja til íbúa Gaza um landamæri Egyptalands. Alvarleg mannúðarkrísaríkir nú á Gaza og alþjóðasamfélagið verður að bregðast við undir eins.

Frá því að núverandi áráshrinna Ísraela á Gaza ströndina hófst fyrir mánuði síðan hafa 120.000 heimili verið eyðilögð og 1.5 milljón manna eru nú á vergangi. Að minnsta kosti 10.000 manns hafa verið drepin, þar af helmingur börn, og mörg hundruð er enn saknað. Auk viðvarandi rafmagnsleysis hafa Ísraelar ítrekað lokað fyrir allt símasamband á Gaza með þeim fyrirsjáanlegu afleiðingum að fólk getur ekki náð í ástvinu sína né hringt eftir hjálp viðbragðsaðila. Nýjustu fregnir herma að 175 heilbrigðisstarfsmenn hafi verið drepnir og að yfir 50 heilbrigðisstofnanir séu óstarfhæfar vegna árása, rafmagnsleysis og olíuþurrðar. Notkun ísraelska hersins á hvítum fosfórsprengjum hefur orðið til þess að rýma þurfti Al-Dura-barnaspítalann og miklar skemmdir urðu á Ahli Arab-spítalanum í kjölfar sprengjuárásar. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur skráð 82 árásir á heilbrigðisinnviði á Gaza og hafa 50 sjúkrahús skemmst eða eyðilagst. Palestínski rauði hálfmánninn hefur bent á að vísbendingar séu um að vísviljandi hafi verið ráðist á heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús. Nýlega bárust þau tíðindi frá Gaza að ísraelski herinn hæfi sólarrafhlöður sjúkrahúsa til að lama starfsemi þeirra.

Í fjórða Genfarsáttmálanum stendur:

„Læknar og hjúkrunarfræðingar og aðrir þeir sem hjálpa fórnarlömbum stríðsins verða að geta unnið starf sitt. Ekki má ráðast á sjúkrahús eða sjúkrahús eða annað húsnæði þar sem særðum er hjúkrað. Rauður kross eða rauður hálfmáni á hvítum grunni eru tákn fyrir þá vernd sem fólk, tæki og byggingar njóta sem eru til hjálpar fórnarlömbunum.“

Grimmdin er fordæmalaus og við höfum flest borið vitni um hryllinginn í beinni útsendingu á samfélagsmiðlunum. Við sjáum skurðlækna sem neyðst hafa til að aflíma börn án deyfingar, foreldra hlaupandi inn á yfirfulla spítala með lífvana börn sín í fanginu og munaðarlaus smábörn skjálfandi eins og hríslur á sjúkrahúsgólfinu, þakin sprengjuryki og blóði. Skurðlæknirinn Ghassan Abu Sitta hefur lýst þeim aðstæðum sem að læknar og hjúkrunarfræðingar starfa við á Shifa-sjúkrahúsinu sem er stærsti spítalinn á Gaza. Heilbrigðisstarfsfólk getur ekki lengur sinnt starfi sínu þar sem nauðsynleg lyf og búnaður er að þrotum komin, sem og starfsfólkið sjálft, sem hafa mörg þurft að sinna alvarlega slösuðum fjölskyldumeðlimum og jafnvel bera kennsl á látna ástvinu. Á sjúkrahúsinu fær fólk með sár, bruna og áverka ekki verkjalyf til að lina þjáningar sínar.

Hjúkrunarfræðingar sem starfað hafa fyrir Lækna án landamæra á Gaza lýsa skelfilegum afleiðingum sprengjuárásanna. Palestínski hjúkrunarfræðingurinn Mohammad Hawajreh lýsir áður óséðum, djúpum brunaaðverkum meðal barna sem þekja 40-70% af líkamsyfirborði og alvarlegum skorti á hjúkrunarvörum. Bandaríski hjúkrunarfræðinginn Emily Callahan lýsti því í nýlegu viðtali hvernig heilbrigðisstarfsfólk neyðist til að útskrifa börn með alvarlega áverka og brunasár af yfirfullum sjúkrahúsum allt of snemma í aðstæður þar sem er ekkert rennandi

vatn og tugir þúsunda deila hverju salerni. Það þarf ekki heilbrigðismenntaða manneskju til að sjá fyrir þær hörmungar sem slíkar aðstæður leiða til og mikil hættu á alvarlegum sýkingum og útbreiðslu smitsjúkdóma.

Læknar án landamæra hafa bent á að ályktun Sameinuðþjóðanna um vopnahlé hafa ekki orðið til þess að Ísraelar dragi úr fordæmalausu ofbeldi gagnvart hjálparlausu fólki, og að viðbrögð þjóðarleiðtoga í kjölfarið hafi verið of máttlaus og of sein. Sama má segja um viðbrögð íslenskra stjórnvalda, sem hafa ekki enn sammælt um að fordæma árásir Ísraela á óbreytta borgara og kalla eftir tafarlausu vopnahléi.

Við undirritaðir hjúkrunarfræðingar krefjumst þess að íslensk stjórnvöld bregðist við þeirri mannúðarkrísu sem nú ríkir á Gaza og kalli eftir tafarlausu vopnahléi (e.ceasefire). Við krefjumst þess að íslensk stjórnvöld fordæmi árásir Ísraela á óbreytta borgara og heilbrigðisþjónustu á Gaza, og beiti sér á alþjóðavettvangi fyrir því að meintir stríðglæpir Ísraela gagnvart íbúum Palestínu verði rannsakaðir.

| |
|-------------------------------|
| Aðalheiður Harðardóttir |
| Agnes Björg Magnúsdóttir |
| Ágústa Dúa Jónsdóttir |
| Ágústa Gísladóttir |
| Ágústa Kristín Andersen |
| Ásthildur Ólöf Ríkarðsdóttir |
| Aldís Erna Pálsdóttir |
| Alenka Zak |
| Alma Egilsdóttir |
| Andrea Magnúsdóttir |
| Aníta Elínardóttir |
| Anna Karen Einarsdóttir |
| Anna Kristín B Jóhannesdóttir |
| Anna Kristín Einarsdóttir |
| Anna Lilja Másdóttir |
| Anna Margrét Arthúrsdóttir |
| Anna Tómasdóttir |
| Árdís Kjartansdóttir |
| Arna Kristín Guðmundsdóttir |
| Arna S Brynjólfsdóttir |
| Arndís Bernharðsdóttir |
| Arney Þórarinsdóttir |
| Ása Karen Jónsdóttir |
| Ásta Guðný Sveinsdóttir |
| Ásta Guðrún Eydal |

| |
|-------------------------------|
| Ásta Hrönn Kristjánsdóttir |
| Ásta Júlía Björnsdóttir |
| Ásta Karlsdóttir |
| Auðna Margrét Haraldsdóttir |
| Auður Hávarsdóttir |
| Auður Þórðardóttir |
| Berglind Steindórsdóttir |
| Bergþóra Karlsdóttir |
| Birna Katrín Hallsdóttir |
| Birna Óskarsdóttir |
| Birta Rún Sævarsdóttir |
| Bjarndis Helga Blöndal |
| Bryndís Arnars |
| Bryndís Berg |
| Bryndís Guðmundsdóttir |
| Bryndís Oddsdóttir |
| Bryndís Sunna Jóhannesdóttir |
| Bryndís Þorvaldsdóttir |
| Brynhildur Kristín Larsdóttir |
| Brynja Björk Gunnarsdóttir |
| Brynja Ingadóttir |
| Brynja Sigurgeirsdóttir |
| Bylgja Rún Stefánsdóttir |
| Dagný Lóa Sighvatsdóttir |
| Dóra Halldórsdóttir |
| Dóra Thorsteinsson |
| Drífa Eysteinsdóttir |
| Dýrleif Sigurjónsdóttir |
| Edda Björg Sverrisdóttir |
| Edda Rún Kjartansdóttir |
| Edda Ýr Þórsdóttir |
| Eiríka Benný Magnúsdóttir |
| Elin Arndís Margrétardóttir |
| Elín Jakobína Valgerðardóttir |
| Elísabet Árnadóttir |
| Elísabet Heiða Stefánsdóttir |
| Elísabet Konráðsdóttir |
| Elísabet Stella Grétarsdóttir |
| Elísabet Þóra Davíðsdóttir |
| Ellen Helga Steingrimsdóttir |
| Elsa Björg Árnadóttir |

| |
|----------------------------------|
| Elsa Hrund Jensdóttir |
| Erla Johannesdóttir |
| Eva Ásdís Ögmundsdóttir |
| Eva Björk Kaaber |
| Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir |
| Eyrún Baldursdóttir |
| Eyrún Catherine Franzdóttir |
| Fanney Guðjónsdóttir |
| Fanney Jóhannsdóttir |
| Fríða Sóley Hjartardóttir |
| Geirný Ómarsdóttir |
| Guðbjörg Vallý Ragnarsdóttir |
| Guðríður Lilja Lýðsdóttir |
| Guðrún Berglind Jóhannesdóttir |
| Guðrún Ingibjörg Rúnarsdóttir |
| Guðrún Jónasdóttir |
| Guðrún María Bjarkadóttir |
| Guðrún Ösp Theodórsdóttir |
| Guðrún Snæbjört Þóroddsdóttir |
| Gunnhildur Hafþórsdóttir Blöndal |
| Hafdís Sara Þórhallsdóttir |
| Hafdís Sigrún Aradóttir |
| Halldóra Ársælsdóttir |
| Halldóra Hafdís Arnardóttir |
| Halldóra Jónsdóttir |
| Halldóra Pálsdóttir |
| Harpa Heiðarsdóttir |
| Heiðrún Sigurjónsdóttir |
| Helen Valdís Sigurðardóttir |
| Helena Aagestad |
| Helena Bragadóttir |
| Helena Rún Pálsdóttir |
| Helga Heiða Helgadóttir |
| Helga Lára Halldórsdóttir |
| Helga María Guðmundsdóttir |
| Herdís Gísladóttir |
| Herdís Guðlaugsdóttir |
| Hildigunnur Friðjónsdóttir |
| Hildur Helgadóttir |
| Hjördís Hjörvarsdóttir |
| Hjördís Ylfa Stefánsdóttir |

| |
|--------------------------------|
| Hlín Guðný Valgarðsdóttir |
| Hólmíís Hjartardóttir |
| Hólmfríður Kristjánsdóttir |
| Hólmfríður Rós Eyjólfsdóttir |
| Hrafnhildur Baldursdóttir |
| Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir |
| Hrefna Björk Jónsdóttir |
| Hrefna Hafdal sigurðardóttir |
| Hrönn Hilmarsdóttir |
| Hrönn Stefánsdóttir |
| Hrönn Steingrímsdóttir |
| Hulda Gestsdóttir |
| Ilmur Dögg Níelsdóttir |
| Ingibjörg Davíðsdóttir |
| Ingibjörg Fjölínisdóttir |
| Ingibjörg Hrefna Björnsdóttir |
| Ingibjörg L Sveinbjörnsdóttir |
| Íris Alma Össurardóttir |
| Íris Björk Sigurðardóttir |
| Íris Ósk Blöndal |
| Íris Ósk Erlingsdóttir |
| Ísabella Hlynsdóttir |
| Jóhanna Jóhannsdóttir |
| Jóhanna María Þórhallsdóttir |
| Jóhanna Rut Hafsteinsdóttir |
| Jóhanna Þórey Sveinþórsdóttir |
| Jóhanna Þorvarðardóttir |
| Jóna Ingibjörg Jónsdóttir |
| Jóna Margrét Jónsdóttir |
| Jóndíís Einarsdóttir |
| Jónína Guðný Bogadóttir |
| Jórunn Edda Hafsteinsdóttir |
| K. Stella Arnþórsdóttir |
| Katrin Baxter |
| Kolbjörg Katla Hinríksdóttir |
| Kolbrún Kristiansen |
| Kolbrún Ósk Ísleifsdóttir |
| Kristín Björg Róbertsdóttir |
| Kristín Davíðsdóttir |
| Kristín Erla Sigurðardóttir |
| Kristín Guðveig Sigurðardóttir |

| |
|---------------------------------|
| Kristín Halla Lárusdóttir |
| Kristín Linnét Einarsdóttir |
| Kristín Sæmundsdóttir |
| Kristín Sif Þórarinsdóttir |
| Kristín Theodóra Nielsen |
| Kristjana Guðrún Halldórsdóttir |
| Kristný Pétursdóttir |
| Kristný Pétursdóttir |
| Lára Björk Magnúsdóttir |
| Lára Borg Ásmundsdóttir |
| Lilja Björk Bjarnadóttir |
| Lovísa Baldursdóttir |
| Magnea Ósk Sigrúnardóttir |
| Magnhildur Ósk Magnúsdóttir |
| Margrét Baldvinsdóttir |
| Margrét Dís Yeoman |
| Margrét Guðnadóttir |
| Margrét Ívarsdóttir |
| Margrét Kristjánsdóttir |
| Margrét Malín Guðmundsdóttir |
| Margrét Manda Jónsdóttir |
| Margrét Sigurðardóttir |
| Margrét V. Heiðdal Steinsdóttir |
| Margrét Þorsteinsdóttir |
| María Rós Gunnarsdóttir |
| Marín Björg Guðjónsdóttir |
| Marta Jóns Hjördísardóttir |
| Marta Lilja Sigurbjarnadóttir |
| Mist Hálfðanardóttir |
| Nanna Ólafsdóttir |
| Oddrún Assa Jóhannsdóttir |
| Ólafía Ingibjörg Ingólfssdóttir |
| Olga Þórunn Gústafsdóttir |
| Ólína Björg Einarsdóttir |
| Ólöf Jóna Ævarsdóttir |
| Ólöf Sólrún Vilhjálmsdóttir |
| Ragna Björnsdóttir |
| Ragnheiður Erla Rafnsdóttir |
| Ragnheiður Guðmundsdóttir |
| Ragnheiður Halldórsdóttir |
| Ragnheiður Sjöfn Reynisdóttir |

| |
|----------------------------------|
| Ragnheiður Tómasdóttir |
| Ragnhildur Indriðadóttir |
| Rakel Haraldsdóttir. |
| Rakel Rut Ingvadóttir |
| Rakel Sif Magnúsdóttir |
| Rán Jósepsdóttir |
| Rannveig Þöll Þórsdóttir |
| Rósa Björg Ómarsdóttir |
| Rúna Björk Ólafsdóttir |
| Rut Guðnadóttir |
| Rut Petersen |
| Salome Jónsdóttir |
| Sandra Rós Helgadóttir |
| Sara Ragnheiður Guðjónsdóttir |
| Sesselja Líf Valgeirsdóttir |
| Signhildur Sigurðardóttir |
| Sigríður Jóhanna Sigurðardóttir |
| Sigríður Rúna Þóroddsdóttir |
| Sigrún Halldórsdóttir |
| Sigrún Skúladóttir |
| Sigrún Þórisdóttir |
| Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal |
| Sigþór Jens Jónsson |
| Snærún Ösp Guðmundsdóttir |
| Snjólaug Benediktsdóttir |
| Soffía Lára Snæbjörnsdóttir |
| Sóley Ívarsdóttir |
| Sólveig Gylfadóttir |
| Stefanía Björg Sæmundsdóttir |
| Steinunn Ósk Geirsdóttir |
| Steinunn Þórarinsdóttir |
| Stella S Kemp Hrafnkelsdóttir |
| Sunna Lind Svavarsdóttir |
| Svava Steinarsdóttir |
| Sylvía Lind Þorvaldsdóttir |
| Sylvía Rós Bjarkadóttir |
| Tanja Guðrún Schiöth Hjörvar |
| Tara Katrín Sigursteinsdóttir |
| Thelma Lind Guðmundsdóttir |
| Thelma Rut Bessadóttir |
| Thelma Ýr Guðjónsdóttir |

| |
|----------------------------------|
| Tinna Alicia Kemp |
| Tinna Ottósdóttir |
| Trausti Týr Guðmundsson |
| Vala Snorradóttir Wium |
| Viktoría Sól Magnúsdóttir |
| Vilhelmína Þ Einarsdóttir |
| Yousef Ingi Tamimi |
| Þóra Gerða Geirsdóttir |
| Þorbjörg Anna Steinarsdóttir |
| Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir |
| Þórdís Jóna Guðmundsdóttir |
| Þórey Ásgeirsdóttir |
| Þórey Erna Guðmannsdóttir |
| Þórey Kara Helgadóttir |
| Þorgerður Einarsdóttir |
| Þórhalla Ágústsdóttir |
| Þórhildur Margrét Þórðardóttir |
| Þórhildur María Jónsdóttir |
| Þórhildur Ólöf Sveinbjörnsdóttir |
| Þórhildur S. Blöndal |
| Þórunn Einarsdóttir |
| Þórunn Friðriksdóttir |
| Þórunn Ingólfssdóttir |
| Þuríður Skarphéðinsdóttir |